Stefna Arion banka um hagsmunaárekstra

Það er stefna Arion banka hf. (hér eftir „bankinn“) að grípa til allra viðeigandi ráðstafana til að greina, meta og koma í veg fyrir eða stýra raunverulegum og mögulegum hagsmunaárekstrum sem kunna að koma upp milli bankans, viðskiptavina hans og starfsfólks.

Í því skyni að vernda hagsmuni viðskiptavina, hefur bankinn greint mögulega hagsmunaárekstra og innleitt ráðstafanir til að koma í veg fyrir þá.

Bankinn heldur skrá yfir þá þjónustu og starfsemi sem felur í sér aukna hættu á hagsmunaárekstrum sem hafa skaðleg áhrif, ásamt hagsmunaárekstramati bankans og þeim ráðstöfunum sem gripið er til.

Reynist fyrirkomulag bankans til að stýra hagsmunaárekstrum ekki veita fullnægjandi vissu fyrir því að hættu á hagsmunaárekstrum sé afstýrt, mun bankinn annaðhvort veita viðskiptavininum skýrar upplýsingar um eðli og/eða ástæður hagsmunaárekstranna og þær ráðstafanir sem bankinn hyggst grípa til eða ákveða að þjónustan sem leiðir til hættu á hagsmunaárekstrum verði ekki veitt.

Stefna þessi gildir um allt starfsfólk bankans, þar með talið stjórnarmenn. Í tilviki stjórnarmanna, bankastjóra og innri endurskoðanda, skal upplýsa stjórn um mögulega hagsmunaárekstra og fara með þá í samræmi við starfsreglur stjórnar.

Stefna þessi er innleidd með nánari reglum og verkferlum sem fylgja skal í starfsemi bankans.

Tilkynningarskylda

Hverjum starfsmanni er skylt að tilkynna næsta yfirmanni tafarlaust um hverjar þær aðstæður sem kunna að leiða, eða þegar hafa leitt, til hagsmunaárekstra.

Starfsmaður skal beita eigin dómgreind og heilbrigðri skynsemi við mat á því hvaða hagsmuni skuli upplýsa yfirmann um. Ef vafi leikur á, skal starfsmaður upplýsa um aðstæðurnar og fela yfirmanni að annast matið.

Að lágmarki skal starfsmaður upplýsa um eftirfarandi hagsmuni og tengsl:

- Fjárhagslega hagsmuni, svo sem önnur störf eða stjórnarstörf, eignarhald eða yfirráð í fyrirtæki, þar með talið í eigu nánustu fjölskyldumeðlima;
- Fjárhagserfiðleika;
- Náin persónuleg eða fagleg tengsl við viðeigandi utanaðkomandi hagsmunaaðila, svo sem viðskiptavini, birgja, þjónustuveitendur og samkeppnisaðila, þegar slík tengsl kunna að skipta máli fyrir starfsskyldur viðkomandi starfsmanns;
- Náin persónuleg eða fagleg tengsl við aðila sem fara með virkan eignarhlut (10% eða hærri) í bankanum;
- Náin persónuleg eða fagleg tengsl við annað starfsfólk innan bankans eða dótturfélaga hans;
- Stjórnmálaleg áhrif eða náin stjórnmálaleg tengsl.

Við mat á tengslum, styðst bankinn almennt við eftirfarandi viðmið:

- Til nánustu fjölskyldumeðlima telst maki eða sambúðaraðili starfsmanns, börn á framfæri starfsmanns og önnur skyldmenni sem búa á sama heimili og starfsmaður;

- Til náinna persónulegra tengsla teljast nánir fjölskyldumeðlimir, foreldrar, systkini og nánir vandamenn;
- Til náinna faglegra tengsla teljast fyrri störf þar sem starfsmaður gegndi ábyrgðarstöðu eða hafði verulega hagsmuni (innan þriggja síðustu ára), og nánir samstarfsaðilar, svo sem þeirra sem fara með sameiginlegt eignarhald í fyrirtæki með starfsmanni eða hafa veitt starfsmanni umboð til að gæta hagsmuna þeirra.

Bankinn kann að skilgreina tengda aðila með öðrum hætti innan tiltekinna starfssviða, eftir því sem nauðsyn krefur.

Innleiðing og framkvæmd

Á grundvelli þessarar stefnu:

- Greinir bankinn hvaða aðstæður feli í sér, eða kunni að leiða til, hagsmunaárekstra;
- Heldur bankinn skrá yfir þjónustu og starfsemi sem felur í sér aukna hættu á hagsmunaárekstrum, sem regluvarsla hefur eftirlit með;
- Viðheldur bankinn reglum og verkferlum til að koma í veg fyrir eða stýra hagsmunaárekstrum, þar á meðal með viðeigandi aðgreiningu á ábyrgð og starfsskyldum og upplýsingaflæðis á milli starfseininga með ólíkar trúnaðarskyldur;
- Viðheldur bankinn reglum og verkferlum um viðskipti við tengda aðila til að tryggja að slík viðskipti fari fram á armslengdargrundvelli og í fullu samræmi við innri verkferla;
- Viðheldur bankinn reglum og innri ferlum sem skal fylgt ásamt ráðstöfunum sem gripið skal til af starfsmönnum til að koma í veg fyrir eða takast á við hagsmunaárekstra, þar á meðal reglur um atvinnuþátttöku starfsmanna, reglur um starfsmannaviðskipti, relgur um viðskiptahætti starfsmanna, reglur um hlunnindi og starfsreglur stjórnar;
- Heldur bankinn skrá yfir hagsmunaárekstra, sem regluvarsla hefur umsjón með;
- Tryggir bankinn fræðslu og reglulega þjálfun starfsmanna um efni þessarar stefnu og þar að lútandi reglum og verkferlum; og
- Skipar regluvörð sem viðhefur eftirlit með hlítingu við stefnu þessa.

Ábyrgð og skýrslugjöf

Stjórn bankans hefur umsjón með og ber ábyrgð á innleiðingu stjórnarhátta sem tryggja skilvirkt og ábyrgt stjórnskipulag innan bankans, þar á meðal aðgreiningu ábyrgðar og fyrirbyggingu hagsmunaárekstra.

Bankastjóri skal sjá til þess að stefna þessi sé innleidd og henni sé fylgt. Jafnframt skal bankastjóri tryggja að bankinn upplýsi um og birti viðskipti í samræmi við lög um ársreikninga, á grundvelli innri leiðbeininga og verkferla.

Regluvarsla skal veita ráðgjöf og leiðbeiningar við mat á hagsmunaárekstrum. Regluvarsla skal hafa eftirlit með og meta reglulega hvort ráðstafanir og verkferlar sem hafa verið innleiddir séu fullnægjandi og skilvirkir og halda skrá yfir þá þjónustu og starfsemi sem kunna að leiða til hagsmunaárekstra. Enn fremur skal regluvarsla hafa eftirlit með og meta reglulega hvort ráðstafanir og verkferlar sem hafa verið innleiddir séu fullnægjandi og skilvirkir og halda skrá yfir hagsmunaárekstra starfsmanna.

Regluvörður skal veita skýrslu um framkvæmd þessarar stefnu eigi sjaldnar en árlega, í reglulegri skýrslugjöf til stjórnar um regluvörslu.

Áhættustýring skal tryggja að innri ferlar feli í sér viðeigandi stýringar fyrir viðskipti við tengda aðila, þar sem slík viðskipti eru yfirfarin og áhættan sem kann að stafa af þeim fyrir bankann sé greind og metin með fullnægjandi hætti.

Áhættustýring skal á hálfs árs fresti leggja fram skýrslu um viðskipti við tengda aðila fyrir stjórn.

Stefna þessi tekur gildi við birtingu og skal hún gerð aðgengileg á heimasíðu bankans.

Íslenska útgáfa stefnunnar er þýdd með hliðsjón útgáfu stefnunnar á ensku, sem samþykkt hefur verið af stjórn bankans. Komi til ágreinings eða misræmis milli íslenskrar og enskrar útgáfu, skal enska útgáfan ganga framar.